



Fundargerð

Dagskrá fundar:

1. Samræmd próf - niðurstöður
2. Niðurstöður Skólapúls, fyrri mæling
3. Niðurstöður nemendapings

Mættir: Ellen Ósk, 10. bekk og Helgi, 9. bekk, Kristín skólastjóri, Linda Rós og Sigurrós, fulltrúar kennara, Erlendur Steinar, Jóna og Sigurður Freyr, fulltrúar foreldra.

Fundarritari: Linda Rós Rögnvaldsdóttir

1. 4. bekkur kemur út með bæði íslensku og stærðfræði yfir landsmeðaltali og 7. bekkur kemur út yfir landsmeðaltali í stærðfræði en undir í íslensku. Unnið er úr niðurstöðunum inni í teymunum og brugðist við því hvernig þættirnir koma út. Rætt um áherslur skólans í íslenskukennslu, aðaláherslan hefur verið lögð á lestur og lesskilning á kostnað málfræðikennslu.
2. Skólapúls. Þrautseigja í námi er þáttur sem við höfum lagt mikla áherslu á hér. Sá þáttur er á pari við landsmeðaltal. Einn árgangur sker sig marktækt úr, það er 6. bekkur. Þar er mikil vinna í gangi með þrautseigju, eigum von á að þau hækki sig á næstu árum. Ánægja af náttúrufræði er minni núna en hefur verið áður. Spurt er hvort ekki sé hægt að samnýta náttúrufræðikennara milli skóla. Nemendur vilja líka hafa sér tíma í náttúrufræði þar sem þau upplifa að þau



Fundargerð

læri ekki nóg í þemanu í náttúrufræði. Hugsanlega hægt að læra meira þegar það eru bekkjartímar.

Líðan og heilsa eru þættir sem við höfum haft miklar áhyggjur hér.

Oddeyrarskóli kemur illa út úr þessari mælingu. Nemendum hér virðist líða mun verr í lífinu almennt en nemendum annars staðar. Þessi þáttur er myndaður af almennum spurningum um hvernig manni líður og sjálfsálit, sjálfstraust. Stelpur hafa minni trú á sér en strákar. 7.b. og 10. b. koma mjög slakir út úr þessum þætti og með mikla neikvæða breytingu frá fyrra ári.

Þátturinn stjórn á eigin lífi kemur líka mjög illa út. Vellíðan nemenda er líka talsvert mikið undir landsmeðaltali. Hvað er það sem veldur? Erum við að sjá það að nemendur séu glaðir og líði vel í skólanum en eigi erfitt bakland, erfiðar heimilisaðstæður. Niðurstaða matsþáttar sem tekur til eineltis veldur vonbrigðum í ár. Við erum að færa okkur í neikvæða átt frá landsmeðaltali, í Oddeyrarskóla mælist meira einelti en á landinu heilt yfir. Spurningarnar sem mæla tíðni eineltis valda hugsanlega líka skekkju í niðurstöðunum, við skilgreinum einelti ekki eftir fjölda skipta heldur er það viðvarandi ástand. Einnig kemur fram hjá okkur að samsömun við nemendahópinn er ekki nægilega góð. Of margir sem upplifa sig útundan. Nemendur upplifa góð tengsl við kennara, þeir upplifa að það sé góður agi í tímum og virkni nemenda sé mjög góð.



Fundargerð

3. Nemendaping Oddeyrarskóla. 5.-10. bekkur tók þátt í þinginu. Styrkleikar Oddeyrarskóla felast samkvæmt niðurstöðum í smæðinni, fáir nemendur og góðir, gott nám, vingjarnlegt og gott viðmót, næg tæki til staðar.

Kristín segir frá gjöf frá Lions til bókakaupa. Næsti fundur verður tileinkaður endurskoðun á skólareglum.

Fundi slitið 12:38



Fundargerð
